

Fundargerð 18. fundar stýrihóps um aukið tjáningar- og upplýsingarfrelsi

Fundarmenn: Hörður Helgi Helgason, Páll Þórhallsson, Elfa Ýr Gyolfadóttir, Þróstur Freyr Gyolfason, Elísabet Pétursdóttir

Fundartími: 23. maí 2016, kl. 9-11.

Fundargerð:

- Þróstur upplýsti fundarmenn um að unnið er að endurskoðun laga um umboðsmann Alþingis í nefnd sem skipuð var af forsætisnefnd Alþingis. Hann telur rétt að styrkja stöðu annarra laga miðað við þær breytingar sem fyrirhugað er að gera með því frumvarpi.
- Farið yfir næstu skref stýrihóps, sem eru:
 - Páll mun skila af sér drögum að frumvarpi um ærumeiðingar í vikulok.
 - Hörður hefur ekki sent refsiréttarnefnd breytingartillögu á 233. gr. a. alm. hgl. Hann sagði enn standa til að senda þau frá sér.
 - Hörður hefur ekki lokið við gagnageymdarfrumvarp Aðalheiðar Ámundadóttur. Hann sagði standa til að ganga frá frumvarpinu. Einnig að ganga frá milliliðafrumvarpinu.
 - Hörður gerði grein fyrir fyrirhuguðum vef með afurðum stýrihópsins.
 - Hörður hefur ekki tekið saman niðurstöðu um málskostnað. Hann sagði standa til að taka þær saman.
 - Fáar athugasemdir hafa borist við drögum að fundargerðum. Hörður mun fara yfir þær og bæta inn sínum aths. og þeim sem munu berast frá öðrum meðlimum hópsins. Ákveðið að fundagerðir verði afgreiddar á næsta fundi.
- Farið yfir þingsályktun um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsins (138. lögþ., þskj. 688 - 383. mál) og fjallað um með hvaða hætti stýrihópurinn hefur lokið við hvern lið í henni.